# Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032

## Breyting - Ormsstaðir - Vaðholt 2 og 2a




GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR




BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR

Skýringar

- Sveitarfélagsmörk
- Þéttbýlismörk
- Frístundabyggð
- Landbúnaðarsvæði
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Verslun- og þjónusta
- Vötn, ár og sjór
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Rafveita, loftlína
- Tengivegur/tengibraut
- Aðrir vegir og götur
- Reiðleið
- Náttúruvá
- Svæði sem breytingin nær til

Greinargerð

Gerð er breyting á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Árið 2014 var gerð breyting á þágildandi aðalskipulagi (2008-2021) þar sem landnotkun u.þ.b. 4 ha spildu úr landi Ormstaða í Grímsnesi var breytt úr frístundabyggð í landbúnaðarsvæði. Í framhaldi var gerð breyting á deiliskipulaginu Vaðholt í landi Ormsstaða árið 2015, sem byggði á aðalskipulagsbreytingunni, þar sem tveimur frístundalóðum var breytt í eina landbúnaðarlóð.

Í endurskoðun aðalskipulagsins árið 2022 skilaði ofangreind aðalskipulagsbreyting sér ekki og spildan því áfram ranglega skilgreind sem frístundabyggð. Með þeirri breytingu sem hér er gerð er verið að breyta landnotkun spildunnar til fyrra horfs í samræmi við áðurnefndar breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagi. Spildan tilheyrir frístundabyggðinni Ormsstaðir F66 í gildandi aðalskipulagi. Stærð frístundabyggðarinnar minnkar um 4 ha en landbúnaðarsvæði stækkar samsvarandi.

### Tafla 2 *Frístundabyggð* (gildandi skipulag)

| NR | HEITI SVÆÐIS | LÝSING OG SKILMÁLAR | STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|
| F66 | Ormsstaðir | Deiliskipulagt fyrir 66 lóðir, þar af 13 byggðar. | 84,9 |

### Tafla 2 *Frístundabyggð* (breytt skipulag)

| NR | HEITI SVÆÐIS | LÝSING OG SKILMÁLAR | STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|
| F66 | Ormsstaðir | Deiliskipulagt fyrir 64 lóðir, þar af 13 byggðar. | 80,9 |

Umhverfisáhrif

Líkleg áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar eru metin óveruleg á umhverfisþætti eins og gróður og dýralíf, samfélag og ásýnd. Aðeins er um að ræða breytingu á skilgreiningu landnotkunar, en svæðið eftir sem áður ætlað til uppbyggingar.

0 0,5 1 2 3 4 5 km

N

Aðalskipulagsbreyting þessi hefur hlotið málsmeðferð skv. 2. mgr. 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum. Aðalskipulagsbreytingin var samþykkt af sveitarstjórn þann 05.03.2025

F.h. Grímsness- og Grafningshrepps

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita Skipulagsfulltrúi

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun 10.4.2025

Skipulagsstofnun

Skipulagsgögn:
Uppdráttur þessi með greinargerð.

EFLA

Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032
Breyting - Ormsstaðir - Vaðholt 2 og 2a

| Verk: | Blaðstærð: | Unnið: | Rýnt: |
|---|---|---|---|
| 111975 | A3 | SM | SOS/ÁJ |

| Mælikvarði: | Dags: | Breytt dags: |
|---|---|---|
| 1:50.000 | 20.02.2025 | |